

**Sp. 291. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]**

um aukna tæknimenntun.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið bráðasta fara fram athugun á því, með hverjum hætti hægt væri að auka alls konar tæknikennslu í skólum landsins og að öðru leyti möguleika á því að auka tæknimenntun þjóðarinnar.

**Greinargerð.**

Þörf þjóðfélagsins fyrir tæknimenntaða menn fer sívaxandi. Atvinnuvegirinnir verða fjölbreyttari og þurfa að verða miklum mun fjölbreyttari en þeir eru nú. Þessi þróun krefst fleiri manna með sérþekkingu. Vér erum enn þá skammt á veg komnir í þessum efnum og verðum því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Góð lífsafkoma þjóðarinnar byggist á því, að vér höfum á að skipa nægilegum fjölda tæknimenntaðra manna. Þær þjóðir heimsins, sem fram úr skara, hafa einmitt lagt sérstaka áherzlu á tæknimenntun þjóðanna.

Í framtíðinni bíða óteljandi verkefni. Fiskiðnaðurinn þarf að taka miklum framförum og verða miklum mun fjölbreyttari. Nýjar iðngreinar þurfa að ryðja sér til rúms. En þetta verður ekki hægt, nema því aðeins að þjóðfélagið hafi yfir að ráða mönnum, sem til brunns hafa að bera þekkingu til þess að byggja frá grunni þessar iðngreinar og koma upp nýjum. En á það skortir mikið, og þess vegna er þessi tillaga fram borin.